

Mál nr. 279/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Holtavörðuheidi við Miklagil þann 27.6.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.8.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 20.8.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 24.8.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið á Þjóðvegi nr. 1, Norðurlandsvegi, suður Holtavörðuheidi. A var fremst í röð fimm bifreiða sem var heitið inn á línuveg að Miklagili vinstra megin við veginn. Er A var beygt til vinstri áleiðis út af veginum var B ekið fram úr bifreiðunum og rakst vinstra framhorn B í afturenda A.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt út af veginum. Bil á milli A og næstu bifreiðar fyrir aftan hana hafi verið mjótt, þegar B var ekið fram úr þannig að B rakst á afturenda A. Ökumaður kvaðst hafa gefið stefnumerki.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 90 km hraða og hafi verið að aka fram úr A þegar henni hafi skyndilega verið beygt í veg fyrir hann. Engin stefnumerki hafi verið gefin á A.

Vitni sem var farþegi í framsæti hægra megin í annarri bifreið fyrir aftan A kvað ökumann A hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Hægt hafði verið á ferð bifreiðanna sem þarna voru í samfloti.

Álit.

Ökumaður A staðhæfir að hann hafi gefið stefnumerki til vinstri. Vitni í annarri bifreið fyrir aftan A hefur ennfremur borið að ökumaður A hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Þykir mega leggja til grundvallar að ökumaður A hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Jafnframt hafði verið dregið úr ferð A og bifreiðanna sem á eftir henni voru. Er þannig ljóst að ökumaður A hafði undirbúið greinilega vinstri beygju er ökumaður B hugðist aka fram úr henni. Í reynd bar ökumanni B við þessar aðstæður að aka hægra megin fram úr A, sbr. 2. málslið 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti ökumaður B ekki er hann ók á hámarkshraða fram úr fimm bifreiðum eftir að dregið hafði verið úr hraða þeirra. Með aksturslagi sínu telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Er ökumaður A beygði til vinstri áleiðis út af veginum gætti hann ekki nægilega að umferð á eftir eins og honum bar skv. 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. ufl. Hann á því einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 8. september 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.